



Háskólinn
á Akureyri

Fundargerð háskólaráðs

290. fundur daginn 9. apríl 2010
fundaherbergi 22, Borgum, kl. 12.30 – 15.50

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.20.

Mættir voru auk hans:

Andrea Hjálmsdóttir varafulltrúi mennatmálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Fulltrúi starfsmanna og fulltrúi nemenda boðuðu forföll.

Rektor lagði til breytingar á röð dagskrárlíða í útsendri dagskrá og voru þær samþykktar.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

0912030

Frestað til næsta fundar.

2. **Náms- og kennsluskrá 2010-2011**

"[málsnúmer]"

Frestað.

3. **Fjöldatakmarkanir í heilbrigðisdeild á vormisseri 2011**

"[málsnúmer]"

Háskólaráð samþykkti að takmarka fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. árs, í hjúkrunarfræði við 50 nemendur og í iðjuþjálfun við 25 nemendur.

4. **Skipun þróunarnefndar HA**

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá undirbúningi að skipun þróunarnefndar fyrir HA. Nefndinni verður falið að leggja fram tillögur að skólasýn fyrir HA til framtíðar. Nefndin verður skipuð 4-5 fulltrúum með víðtæka reynslu og menntun. Gert er ráð fyrir að nefndin hefji störf í maí næstkomandi. Áætlaður starfstími hennar er eitt ár og óskað verður eftir áfangaskýrslu að um hálfu ári liðnu.

Háskólaráð lýsti ánægju með þessa ákvörðun. Minnt var á nauðsyn þess að framtíðarsýn háskólans tæki til umhverfismála.

5. **Skipun nýrrar dómnarfndar við HA, staða mála**

1003035

Rektor greindi frá því að umboð dómnarfndar HA rennur út í maí næstkomandi. Rakti hann hvernig staðið var að undirbúningsvinnu við gerð nýs matskerfis fyrir opinbera háskóla. Háskólaráð HÍ samþykkti nýtt matskerfi 5. nóvember 2009. Vísindanefnd opinberra háskóla hefur síðan fjallað um kerfið og skilað álití til Matskerfisnefndar. Matskerfisnefnd hefur farið yfir álitíð og samþykkt fram komna

tillögu að nýju matskerfi fyrir akademískra starfsmenn opinberra háskóla og mun það taka gildi 1. janúar 2010.

Rektor leggur til að settar verði reglur um framgang og ráðningarákademískra starfsmanna við HA í samræmi við nýja matskerfið. Nýjar reglur eiga að liggja fyrir til samþykktar í júní næstkomandi og síðan verður dómnefnd skipuð í samræmi við þær.

Rektor mun óska eftir að fráfarandi dómnefnd gegni störfum þangað til.

Bað hann háskólaráðsfulltrúa að lesa reglur um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmann við HÍ nr. 263/2010 og mynda sér skoðun á þeim.

6. Skipun nýrrar stjórnar Símenntunar HA

"[málsnúmer]"

Frestað.

7. Skipun fulltrúa HA í stjórn FÉSTA

"[málsnúmer]"

Samþykkt var að skipa Ólaf Búa Gunnlaugsson forstöðumann fulltrúa HA í stjórn FÉSTA áfram.

8. Val fulltrúa í stjórn Góðvina HA

"[málsnúmer]"

Samþykkt var að tilnefna Steinunni Aðalbjarnardóttur verkefnastjóra sem aðalfulltrúa og Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimann sem varafulltrúa í stjórn Góðvina.

9. Rekstur, námsframboð 2010-2011

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði yfirliti yfir rekstrarkostnað HA janúar-mars. Sá fyrirvari er hafður að yfirlitið er gert 7. apríl og kann einhver kostnaður að vera óframkominn.


Kostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 328.612 mkr. og kostnaður vegna ýmissa verkefna er 2.953 mkr. Það eru 23,64% af áætlun ársins en viðmiðið er 25%. Kostnaður við stofnanir og setur með eigin tekjur er 38.065 mkr.

Úlfar skýrði út helstu frávik frá áætlun en það er einkum launakostnaður við viðskipta- og raunvísindasvið sem er hærri en áætlað var. Háskólaráð samþykkti einróma eftirfarandi bókun:

„Háskólaráð lýsir þungum áhyggjum yfir óviðunandi rekstri og fjárhagsstöðu viðskipta- og raunvísindasviðs og felur rektor að grípa þegar til viðeigandi aðgerða og sjá til þess að sviðið haldi sig innan fjárhagsramma.

Háskólaráð gerir þá kröfu að áætlun um aðgerðir verði lögð fyrir næsta fund ráðsins. Jafnframt lýsir háskólaráð yfir ánægju sinni með árangursríkar aðgerðir annarra sviða og starfseininga HA.“

Rektor greindi frá gangi viðræðna við prófessora um launaskerðingar í sparnaðarskyni. Sagði hann að námsframboð háskólans væri óbreytt þar til annað yrði ákveðið.



10. Önnur mál

0901007

Rektor kynni niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis í kærumáli vegna framgangs tveggja dósenta í stöður prófessora við HA árið 2008. Umboðsmaður telur ekki vafa á að rektor hafi haft heimild til að ákveða framgang dósentanna tveggja og gerir ekki athugasemdir við framkvæmd stigamats eða hæfi dómnefndar til að fjalla um málin.

Háskólaráð samþykkti að endurskipa í rannsóknamsíseranefnd Elísabetu Hjörleifsdóttur dósent og Úlfar Hauksson forstöðumann, og Halldóru Haraldsdóttur dósent til vara.

Úlfar upplýsti að leigusamningur HA við Fasteignir ríkisins um efstu hæð hússins á Borgum verður endurskoðaður á haustmánuðum 2010. Árið 2014 rennur út leigusamningur um annað húsnæði sem háskólinn hefur á Borgum. Ákveðið var að á næsta fundi háskólaráðs verði fjallað um leigusamninginn vegna húsnæðis á Borgum.

Næsti háskólaráðsfundur verður 7. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.

*Kristín Ásgeirsdóttir
Sigríður B. Þórssen
Gunnar Ólafsson*